

Kennsluáætlun - haust 2024

8. - 10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Raket Anna Boulter

Markmið:

- Að nemandi geti flutt mál sitt skýrt, tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær.
- Að nemendi geti átt í góðum samskiptum þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Að nemandi geti lesið sér til ánægju og fróðleiks.
- Að nemandi geti lesið texta við hæfi með góðum hraða.
- Að nemandi þjálfist í að bera saman mismunandi texta.
- Að nemendi geti nýtt sér ýmsa miðla, svo sem fjölmiðla, útvarp og kvikmyndir og tekið afstöðu til þess sem þar birtist.
- Að nemandi hafi kynnst heimi Íslendingasagna.
- Að nemandi hafi kynnst fjölbreyttum íslenskum bókmenntum og bókmenntasögu.
- Að nemandi þekki form og byggingu ljóða með viðeigandi hugtökum.
- Að nemandi læri að umgangast heimildir, geti vísað til þeirra með viðeigandi hætti og geri skýran greinarmun á eigin hugmyndum og annarra.
- Að nemandi geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun og skipi efnisatriðum í röklegt samhengi.
- Að nemandi geti skrifað mismunandi texta með fjölbreyttum orðaforða og málsniði við hæfi.
- Að nemandi kannist við allar stafsetningarreglur, geti nýtt sér þær í umræðu um málið og geti stafsett rétt almennan texta.
- Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt.
- Að nemandi sinni heimalestri 5 sinnum í viku.

Kennsluáferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám
- Stigbreyttar kröfur í öllum verkefnum

Námsmat:

- Lesfimi: leshraði og nákvæmni (viðmið fyrir 8. bekk: 130 orð á mínútu, fyrir 9. bekk: 140 orð á mínútu, fyrir 10. bekk: 145 orð á mínútu)
- Orðarún – lesskilningspróf
- Verkefni
- Símat, kannanir og próf
- Leiðsagnarmat
- Virkni og vinnubrögð í tímum

Námsgögn:

- Skáldsaga
- Logar, texta- og verkefnabók í bókmentum
- „Mér er í mun...“, verkefnabók í íslenskri bókmenntasögu
- *Gullvör*, verkefnabók í málfræði
- *Útbrot*, texta- og verkefnabók í lesskilningi
- Lesskilningsefni
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara

1. Lota: Lestur og bókmenntir

Við byrjum að lesa skáldsögu. Vinnum verkefni úr *Logum* og „*Mér er í mun...*“, um íslenska bókmenntasögu. Lesum, gagnrýnum og túlkum ólíka texta og miðla.

2. Lota: Ritun

Æfum ritun mismunandi texta, þjálfum sjálfstæðar frásagnir og heimildavinnu. Í lok lotunnar vinna nemendur heimildaritgerð. Einnig horfum við á mynd upp úr bókinni sem var lesin á önninni.

3. Lota: Málfræði

Förum yfir reglur í málfræði, skoðum tilgang málfræðinnar og vinnum verkefni úr *Gulvöru*.

4. Lota: Hlustun og lesskilningur

Vinum textaæfingar úr *Útbroti* til að æfa lesskilningin, höldum áfram að skoða ólíka texta og miðla. Við hlustum á útvarpsþætti og vinnum lokaverkefni.

Í hverri lotu vinna nemendur verkefni, hér að neðan er stunduliðað hve mikið hvert verkefni gildir, sem hlutfall af lokaekun í íslensku á þessu misseri.

Lota	Verkefni	Gildi, hlutfall af lokaekun
1	Skáld og ljóðgreining	0%
	Spurningar um <i>Gauragang</i>	10%
2	Frjáls ritun um <i>Gauragang</i>	5%
	Heimildaritgerð	15%
3	Málfræðiþróf	10%
	Málfræðiverkefni	10%
4	Lokaverkefni	20%
	Lokapróf	15%
	Virkni og þátttaka í kennslustundum	15%

Notast verður við eftirfarandi matskvarða við mat á verkefnum: A, B+, B, C+, C, D og Ólokið. Í öllum verkefnum eru stígbreyttar kröfur eftir bekkjum.